



24. október 2013

Nýr tíu þúsund króna seðill

Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Ræða í tilefni af útgáfu nýs tíu þúsund króna seðils, Seðlabanka Íslands, 24. október 2013.

Ráðherra, bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir góðir gestir.

Við erum hér saman komin í tilefni af því að í dag fór hinn nýi tíu þúsund króna seðill í umferð. Það er ekki hversdagslegur viðburður að nýir seðlar séu settir í umferð hér á landi enda átján ár síðan það gerðist síðast með tvö þúsund króna seðlinum. Enn lengra er síðan verðmeiri seðill en þeir sem fyrir voru var gefinn út, eða tuttugu og sjö ár, þegar fimm þúsund króna seðillinn var settur í umferð.

En af hverju er þörf á nýjum seðli með hærra nafnverði? Er ekki seðlanotkun hvort sem er lítil og rafræn greiðslumiðlun yfirgnæfandi hér á landi? Vissulega er það rétt að við notum greiðslukort meira en margar aðrar þjóðir, en ætla má að um 90% af smásöluverslun sé með kortum enda var notkun seðla og myntar, eða það sem kalla má reiðufé, komin niður í um 1% af verðmæti landsframleiðslu síðustu áratugi, eða allt fram að bankahruni haustið 2008, þegar notkunin meira en tvöfaldaðist. Um þessar mundir eru um 38 milljarðar króna í reiðufé í umferð á Íslandi, sem er um 2% af landsframleiðslu. Þrátt fyrir tvöföldun er það þó enn með því lægsta sem þekktist í samanburðarlöndum, en Noregur og Svíþjóð eru á svipuðu róli.

En jafnvel áður en ofangreind aukning átti sér stað hafði skapast þörf fyrir að gefa út verðmeiri seðil enda hóf Seðlabankinn undirbúning að útgáfu hans þegar á árinu 2006. Sem dæmi um þörfina má nefna að í seðlafræðum er gjarnan miðað við að sé hlutdeild verðmesta seðils í seðlum í umferð komin yfir 70% sé orðið tímabært að gefa út nýjan seðil. Núverandi fimm þúsund króna seðill hefur verið yfir þessu marki í um 6 ár og hafði 87,3% hlutdeild í lok síðasta árs. Til samanburðar má nefna að þegar fimm þúsund króna seðillinn var gefinn út í júní 1986 var hlutdeild verðmesta seðilsins, sem þá var eitt þúsund krónur, 74,5%. Á öðrum Norðurlöndum með sjálfstæða mynt er þetta hlutfall á bilinu 24-54%.

Í ljósi þessa verður útgáfa 10 þúsund króna seðils nú að teljast hófleg aðgerð sem markast m.a. af þeirri staðreynd að íslensk greiðslumiðlun er að stórum hluta rafræn og mjög skilvirk. Tilgangur útgáfunnar er fyrst og fremst sá að gera seðlanotkun hagkvæmari þar sem eftirspurn er annað með færri seðlum en áður.

Það skal ekki dregin dul á það hér að þörfin á útgáfu nýs seðils er þegar öllu er á botninn hvolft slæmar fréttir þar sem hún á rætur að rekja til of mikillar verðbólgu hér á landi á undanförunum áratugum. Þegar tvö núll voru tekin af íslensku krónunni í byrjun árs 1981 var verðmesti seðilinn 500 kr. Það samsvarar um 20 þúsund krónum um þessar mundir.

Verðgildi seðla hefur því rýrnað um tæp 98% á þessu tímabili. Stærstur hluti þeirrar rýrnunar átti sér hins vegar stað fyrsta áratuginn enda nam verðbólga að meðaltali tæplega 31% á níunda áratug síðustu aldar og fór hæst í 102,7% í ágúst 1983. Verðgildi seðla rýrnaði því um 93% á níunda áratugnum. Á tíunda áratugnum nam verðbólgan hins vegar að meðaltali um 3%, en tæplega 6% það sem af er þessari öld. Í sögulegu samhengi hefur því náðst nokkur árangur í að draga úr verðbólgu hér á landi. Það má þó gera enn betur þar sem verðbólga er um þessar mundir í kringum 4% sem þýðir að verðgildi peninga rýrnar um rúm 32% á heilum áratug. Með 2½% verðbólgu, sem er markmið okkar, er samsvarandi tala tæp 22%. Það er því til nokkurs að vinna.

Íslensk seðlasaga nær auðvitað lengra aftur en til 1981 og erlend seðlasaga er mun lengri. Pappírseðlar gefnir út af seðlabönkum eru eitt form af peningum og eru í löngu sögulegu samhengi tiltölulega nýtilkomnir. Peningar í einu formi eða öðru hafa fylgt mannum frá a.m.k. tímum Súmera fyrir um 10.000 árum, en peningar eru hlutir sem almennt eru samþykktir á tilteknu svæði eða landi sem greiðsla fyrir vöru og þjónustu, og til að gera upp skuldir. Mörg samfélög þróuðu í fyrstu vörupeninga þar sem tilteknar vörur urðu almennt viðurkenndur verðmælir og milliliður í viðskiptum, svo sem eins og málmar, vaðmál, fiskar eða búfé. Gullið vann þó að lokum í þeirri samkeppni. Síðar þróuðust skuldaviðurkenningar eða ávísanir á slík verðmæti og urðu þær þannig gjaldgengar í uppgjöri viðskipta og skulda. Pappírseðlar voru í upphafi slíkar ávísanir sem voru innleysanlegir í tiltekinni vöru, oft gulli. Þeir gátu verið gefnir út af einstaklingum og félögum þeirra og síðar meir voru það einkum einkabankar sem gáfu út slíkar ávísanir eða seðla. Enn síðar þróuðust seðlabankaseðlar án innlausnar í gulli eða annarri vöru eins og sá sem við erum nú að gefa út. Í hverju skrefi sem ég hef rakið hér á undan jókst hagkvæmni í greiðslumiðlun en þar sem slíkir seðlar eru ekki lengur innleysanlegir fyrir önnur verðmæti byggja þeir þegar öllu er á botninn hvolft á þeim verðmætum sem framleidd eru í viðkomandi landi og hægt er að kaupa fyrir þá og því trausti sem til staðar er í garð þess ríkis sem gefur þá út.

Fyrstu skráðu heimildir um notkun pappírseðla eru frá 8. öld í Kína. Enn eru til á söfnum seðlar sem voru notaðir í Kína á 11. öld, en þekktastir eru þó kínversku seðlarnir frá 14. öld sem ítalski landkönnuðurinn Marco Póló segir frá við heimkomu sína.

Í Evrópu voru það ítölsku fjármálaveldin og Hollendingar sem fóru að nota slíka pappíra fyrst. Svíar riðu þó á vaðið með bankaseðla, því forveri seðlabanka þeirra - stofnaður formlega 1668 - gaf út seðla árið 1661 sem voru fyrstu seðlarnir sem ekki voru tengdir við innstæðu í banka heldur byggðu á trausti um að eigandi seðilsins gæti fengið hjá bankanum fyrir hann þau verðmæti sem fjárhæð hans gat til um. Það var því freistandi fyrir bankann að gefa út seðla í auknu magni, sem leiddi í fyrstu til mikils góðæris í Svíþjóð en á endanum til verðbólgu og þess að sparifjáreigendur í þá daga gátu ekki fengið innstæðu sína í beinhörðum peningum, þ.e.a.s. í kopar, nema á lægra verði.

Einhverjir höfðu þá á orði að menn myndu aldrei reyna þessa nýjung í greiðslumiðlun aftur – að gefa út pappírspeninga – en slík svartsýni stóð þó ekki lengi. Seðlaútgáfan festist smám saman í sessi í lok 17. aldar á svipuðum tíma og Englandsbanki er stofnaður og hóf útgáfu seðla, eða árið 1694. En sagan um seðlana í Svíþjóð er þó til áminningar um þær freistingar sem fylgja útgáfu pappírspeninga og hvernig of mikið framboð getur stuðlað að verðbólgu.

Íslensk seðlasaga hefst opinberlega árið 1778 með lögfestingu danskra kúrantseðla sem á var prentaður íslenskur texti (seðillinn er sýnilegur hér í myntsafninu). Þessir seðlar nutu ekki mikilla vinsælda, því á tímum einokunarverslunarinnar aðhylltust flestir hina hefðbundnu vöruskiptaverslun öðru fremur og Íslendingar treystu góðmálmum frekar en kúrantseðlum danska bankans. Við stofnun Landsbanka Íslands árið 1886 gaf Landssjóður Íslands út seðlaröð með krónugildi í stað ríkisdala, sem nokkuð lengi höfðu tíðkast. Með tilkomu Norræna myntbandalagsins 1872 skiptu Norðurlöndin öll um gjaldmiðla og sameinuðust um staðlaða krónu, þó útgefna fyrir hvert land um sig og með sínum þjóðareinkennum. Ríkissjóður hvers lands ábyrgðist seðlaútgáfunar, sem voru gulltryggðar fram til krepunnar miklu á fjórða áratug 20. aldar.

Seðlaútgáfa á Íslandi er órofin frá 1778 og til þessa dags og hafa ýmsir aðilar annast það verk, danski kúrantbankinn, Landssjóður Íslands, Ríkissjóður Íslands, Íslandsbanki, Landsbanki Íslands, Landsbanki Íslands-Seðlabankinn og nú Seðlabanki Íslands. Á þessum 235 árum hafa alls 63 ólíkar útgáfur litið dagsins ljós að meðtaldri þeirri sem við erum nú að kynna. Af því að minnst var á að seðlar hafa verið innleysanlegir í ýmsum málum, einnig hér á landi, þá má benda á að á seðlaröð Íslandsbanka frá 1904 stóð að Íslandsbanki greiddi handhafa gegn viðkomandi seðli andvirði hans, frá 5 og upp í 100 krónur, í gulli – en þessir seðlar eru sýnilegir hér í safninu.

Það myntsafn sem þið sjáið hér er reyndar hluti af Myntsafni Seðlabanka og Þjóðminjasafns sem er hluti af safnakosti landsmanna, en Seðlabankinn heldur því úti í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands. Hér verða eintök af hinum nýja seðli varðveitt um ókomna tíð, eins og ég kem nánar að á eftir.

Við erum nú að taka í notkun nýjan tíu þúsund króna peningaseðil en hvað mun framtíðin bera í skauti sér í þessum efnum? Það eru engin áform um stærri seðil á þessum tímamarki og hvort það verður þörf á honum síðar meir ræðst af verðbólgunni og eftirspurn eftir seðlum almennt, þar með þessum nýja seðli.

Nærtækara er nú að taka til skoðunar mögulegar breytingar í framtíðinni varðandi verðminnstu myntirnar og jafnvel skoða hvort leysa eigi 500 króna seðil af hólmi með mynt. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar hvað þessi atriði varðar. Almennt ræðst framtíðin af eftirspurn eftir reiðufé sem aftur ræðst af verðbólgu og tækniþróun. Það er stefna Seðlabankans að uppfylla eftirspurn með hagkvæmum hætti en vera að öðru leyti hlutlaus varðandi notkun reiðufjár, þ.e. hvorki reyna að hvetja eða letja hvað það varðar. Víða um heim ryðja sér til rúms plastseðlar í stað pappírseðla og ekki hægt að útiloka að það komi einhvern tíma til skoðunar hér á landi.

Lögum samkvæmt hefur Seðlabanki Íslands einkarétt á því að gefa út reiðufé. Bankinn leggur drög að útgáfu seðla eða myntar með nýju verðgildi, eins og á við um tíu þúsund króna seðilinn, og lætur slá nýja mynt eða prenta nýja seðla að fenginni staðfestingu ráðherra.

Undirbúningur að útgáfu þessa seðils hófst eins og áður sagði á árinu 2006 en verkefnið vék til hliðar fyrir öðrum verkefnum í lok árs 2008 og framleiðslu seðilsins var frestað. Á árinu 2011 var hins vegar ákveðið að hrinda verkefninu úr vör á ný á grundvelli þeirrar miklu vinnu sem þegar hafði verið lögð í það, bæði af hálfu hönnuða, starfsfólks Seðlabankans og þess framleiðanda sem við höfum verið í samstarfi við.

Kristín Þorkelsdóttir myndlistarmaður hannaði seðilinn, en hún hefur stýrt hönnun íslenskra seðla frá árinu 1981. Samstarfsmaður og meðhönnuður hennar er Stephen Fairbairn.

Það er sem fyrr breska fyrirtækið De La Rue sem prentaði 10.000 kr. seðilinn, en það fyrirtæki og forverar þess hafa prentað peningaseðla fyrir Ísland í 83 ár. Seðillinn hefur nú þegar vakið forvitni seðlabanka sem sjá um að koma öðrum og fyrirferðarmeiri gjaldmiðlum í umferð. Í seðlinum er m.a. nýr margvíður öryggisþáttur sem heitir Optiks, en sá þáttur og önnur öryggisatriði eru til þess gerð að skapa aukið traust á seðlinum.

Seðillinn er tileinkaður Jónasi Hallgrímssyni, en í seðlinum má finna vísanir í störf Jónasar sem skálds, íslenskumanns, alþýðufræðara og náttúrufræðings. Að því tilefni mun hér síðar í dagskránni verða sunginn tvö lög eftir ljóðum Jónasar og er það söngkonan Hanna Dóra Sturludóttir sem flytur þau við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur.

Að þessu sögðu vil ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að koma þessum seðli í umferð, starfsfólki í Seðlabankanum, stjórnarráðinu og í bönkum og sparisjóðum – og síðast en ekki síst vil ég þakka Kristínu Þorkelsdóttur og Stephen Fairbairn fyrir þeirra þátt í vel heppnaðri hönnun íslenskra seðla síðustu áratugi.

Ég vil þá afhenda Bjarna Benediktssyni fjármála- og efnahagsráðherra tíu þúsund króna seðil númer 1 til varðveislu í safnakosti landsmanna.

Ég vil þá að lokum gefa fjármála- og efnahagsráðherra orðið, en hann fer með málefni Seðlabankans innan ríkisstjórnarinnar, og þar með seðlaútgáfu.